Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Skrifstofa stefnumörkunar og alþjóðasamskipta
Sent í Samráðsgátt stjórnvalda

20. nóvember 2024

Efni: Umsögn BHM um aðgerðaáætlun stjórnvalda um gervigreind. Mál nr. S-223/2024.

BHM telur að aðgerðaáætlun stjórnvalda um gervigreind, sem birt var í samráðsráðgátt stjórnvalda 7. nóvember sl., marki jákvæð skref í átt að upptöku og nýtingu gervigreindar hér á landi, þar sem horft er til efnahagslegs ávinnings, breytinga í opinberri þjónustu og menntakerfi og samkeppnishæfni Íslands. Í áætlun stjórnvalda er einnig talað um áskoranir er snúa að vernd persónuupplýsinga, gagnsæi við ákvarðanatöku og að ávinningur af nýtingu gervigreindar dreifist jafnt um samfélagið.

Á hinn bóginn er hvergi vikið að mikilvægi samráðs og samstarfs við samtök á vinnumarkaði um greiningu og viðbrögð við þeim straumhvörfum sem gervigreind mun hafa í för með sér. BHM gerir þá kröfu að núverandi drögum verði breytt og að bætt verði við umfjöllun um sameiginleg verkefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðsins og því samtali fundin viðeigandi vettvangur.

Háskólamenntað starfsfólk hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði er jafnan í lykilhlutverki við innleiðingu nýrra tæknilausna og hefur mikilvæga innsýn í áhrif þeirra á starfshætti, gæði þjónustu og stöðu starfsfólks. Þátttaka þessara hópa í stefnumótun og innleiðingu stuðlar að jafnræði og eykur trúverðugleika ferlisins. Sérstök áhersla ætti einnig að vera lögð á áhrif gervigreindar á opinberar stofnanir, þar sem siðferðileg ábyrgð, réttindi starfsfólks og þjónustuþega og gagnsæi verða að vera í forgrunni.

BHM fagnar áherslu stjórnvalda á að efla menntun og tæknifærni með innleiðingu gervigreindar í menntakerfið og aukinni sérhæfingu í tengdum greinum. Hins vegar kallar hraðinn á innleiðingu þessarar tækni, og stökkbreytingarnar sem fylgja, á að stefna í málefnum símenntunar verði tekin til endurskoðunar, þar sem ný úrræði um aukna þekkingu og þróun starfa verða sett í forgang. Sérstök áhersla ætti að vera lögð á ítarlega greiningu á færniþörf vinnumarkaðarins til að tryggja að allir hópar geti aðlagast og notið ávinnings af þessum breytingum. Mikilvægt er að símenntun og úrræði til að

auka færni starfsfólks séu aðgengileg á öllum stigum starfsferils og að ljóst verði hvar ábyrgðin á fjármögnun þeirra liggur.

Áhrif gervigreindar verða víðtæk og óhjákvæmileg. Þó nýsköpun og aukin samkeppnishæfni séu lykilmarkmið, er jafnframt nauðsynlegt að taka tillit til þeirra sem kunna að verða fyrir neikvæðum áhrifum tækninnar. Því þarf að huga að markvissum úrræðum, ekki aðeins á sviði endurmenntunar og starfsþjálfunar, heldur þurfa öll opinber kerfi velferðarsamfélagsins að huga að áhrifum breytinganna á almenning og tryggja að hagsmunir ólíkra hópa samfélagsins komi til skoðunar.

Lokaorð

BHM lítur svo á að aðgerðaáætlun stjórnvalda um gervigreind sé mikilvægur áfangi í stefnumörkun um ábyrga nýtingu tækninnar. Hins vegar er ljóst að þessi þróun kallar á stöðuga endurskoðun og víðtækt samráð við þá sem breytingarnar varða mest. Í þeim efnum er mikilvægt að bæta inn í áætlunina skilgreindum samráðsvettvangi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Þá þarf að vera sérstök áhersla á að samræma menntun, tæknifærni og samfélagsleg markmið, svo gervigreind geti orðið jákvæður drifkraftur fyrir samfélagið í heild. Við erum tilbúin að leggja okkar af mörkum við innleiðingu áætlunarinnar og styðja áframhaldandi þróun hennar með þekkingu okkar og reynslu.

Virðingarfyllst,

Kolbrún Halldórsdóttir

Kolbrún Halldórsdóttir, formaður BHM